

Sp.

391. Tillaga til þingsályktunar

um nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum.

Flm.: Hermann Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglugerðir um eftirlit með verksmiðjum og vélum. Nefndin skal skipuð þannig: Ráðherra skipar einn mann án tilnefningar, en tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands og Félags íslenskra iðnrekenda, sem tilnefna sinn manninn hvort.

Nefndin skal hefja störf sín svo fljótt sem verða má og ljúka þeim fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Lög um eftirlit með verksmiðjum og vélum eru síðan 7. maí 1928 og reglugerð um sama var gefin út 1929 og svo breyting á þeirri reglugerð 1941.

Það ætti ekki að vera þörf margra orða um nauðsyn þess, að fram verði látin fara endurskoðun á lögum þessum. Þau hafa nú staðið óbreytt í nálega 20 ár, en á þessu tímabili hafa orðið svo gagngerðar breytingar í atvinnuháttum og vinnutækni, að nauðsyn ber til að samhæfa löggjöfina breyttum viðhorfum. Það, sem sérstaklega er þó ábótavant í lögum þessum, er, að þar skorti með öllu ákvæði, sem tryggja, að lögskipaðir skoðunarmenn framkvæmi störf sín vel og samvirkusamlega, og viðurlög gegn vanrækslu eru þar engin.

Segja má, að til þessa sé í raun og veru aðeins ein leið, sem treysta meg, að komið geti að haldi, og hún er sú, að verkafólkið, sem á vinnustöðunum og í verksmiðjunum vinnur, hafi sína fulltrúa í sjálfu eftirlitinu. Til þess að ákvæði reglugerðar, útgefnar 30. júní 1941, sem mælir svo fyrir, að þar, sem 10 menn eða fleiri vinna, hafi þeir rétt til að velja sér fulltrúa gagnvart eftirlitinu, komi að fullu haldi, þurfa slíkir fulltrúar að hafa fulla vissu fyrir því, að ábendingar þeirra séu teknar til greina hjá þeim mönnum, sem með eftirlitið fara af hendi þess opinbera.

Það er á allra vitorði, sem unnið hafa í verksmiðjum eða á vinnustöðum, þar sem vélar eru notaðar, síðan löggjöf þessi var sett, að vanræksla eftirlitsins hefur verið svo mjög úr hófi fram, að ekki verður lengur við unað. Því samþykkti síðasta þing allsherjarsamtaka verkafólksins í þessu landi, 19. þing Alþýðusambands Íslands, sem haldið var í nóvember s. l., einróma eftirfarandi tillögu:

„Þingið telur brýna nauðsyn bera til, að aukið verði stórlega öryggi verkafólks á sjó og landi með fullkominni löggjöf. Í því sambandi vill þingið benda á eftirfarandi:

Nákvæm endurskoðun fari fram á lögum um eftirlit með verksmiðjum og vélum, og verði Alþýðusambandinu gefinn kostur á að eiga fulltrúa við þá endurskoðun, svo að tryggt sé, að sjónarmið sambandsins komi fram.

Til bráðabirgða og þar til nauðsynleg breyting á lögum um eftirlit á vélum og verksmiðjum nær fram að ganga, þá verði þær ráðstafanir gerðar af hinum opinberu aðilum, að starfandi eftirlitsmenn með öryggi og öryggisreglur verði látnir sinna þeim störfum af meiri skyldurækni en verið hefur til þessa, og auknir verði starfskraftar við eftirlitið.“